

AUGLÝSING**um skipulag í Svalbarðsstrandarhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Svalbarðsstrandarhrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 201.

18. júlí 1972.

AUGLÝSING**um skipulag í Öngulsstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Öngulsstaðahrepps að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 202.

19. júlí 1972.

REGLUGERÐ**um heimilishjálp í Garðahreppi.****1. gr.**

Félagsmálaráð Garðahrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Garðahreppi undir yfirstjórn hreppsnefndar og sveitarstjóra. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálpar er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er sveitarstjóri skipar. Hún á rétt á að sitja fundi hreppsnefndar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði lækis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálpar met-